



Borgarráð

Hallgerðargata nr. 2 og 10 - Breytingar á skilmálum fyrir lóðaúthlutun til Íbúðafélagsins Bjargs hses.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að Íbúðafélaginu Bjargi hses, kt. 490916-0670, Kletthálsi 1, Reykjavík verði heimilt að selja á markaðsverði alls 20% íbúða á lóðunum Hallgerðargata nr. 2 og 10, sem félaginu var úthlutað með samþykkt borgarráðs 16. mars 2017. Um söluíbúðir þessar gilda meðfylgjandi skilmálar um breytingu á upphaflegum úthlutunarskilmálum fyrir lóðirnar.

Greinargerð: Á fundi borgarráðs 16. mars 2017 var Íbúðafélaginu Bjargi hses, kt. 490916-0670, úthlutað tveimur lóðum við Hallgerðargötu 2 og 10 í Reykjavík skv. sérstökum skilmálum. Í úthlutun eru lóðir þessar nefndar G og H við Hallgerðargötu.

Þar sem ekki hefur reynst mögulegt að byggja á lóðunum innan fjárheimilda gildandi reglugerðar um almennar íbúðir hefur Bjarg hses farið þess á leit að fá heimild til að selja allt að 20% íbúða á lóðum þessum á almennum markaði, en við úthlutun lóðarinnar nr. 20 við Hallgerðargötu var Brynju-Hússjóði ÖBÍ veitt slík söluheimild.

Lagt er til að úthlutunarskilmálum fyrir lóðirnar nr. 2 og 10 við Hallgerðargötu verði breytt í samræmi við erindi Bjargs hses. Tillaga að breytingu á úthlutunarskilmálunum er í fylgiskjali með tillögu þessari.

Breytingin er í samræmi við úthlutunarskilmála fyrir lóðina nr. 20 við Hallgerðargötu til Brynju hússjóðs Öryrkjabandalagsins, sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 4. maí 2017.

Greiðsla fyrir byggingarétt á þeim íbúðum sem heimilt verður að selja á frjálsum markaði er hækkað og verður það hið sama og gildi við úthlutun á lóðinni Hallveigargata nr. 1, sem ráðstafað var með útboði. Byggingarréttargreiðsla fyrir þessar söluíbúðir ákveðst 50.253 kr. fyrir hvern birtan fermetra íbúða þessara og geymslna sem þeim muni fylgja.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Breytingar á skilmálum fyrir úthlutun á lóðunum Hallgerðargata nr. 2 og 10.



Fylgiskjal með tillögu um breytingar á skilmálum við úthlutun á lóðunum Hallgerðargata nr. 2 og 10.

Hallgerðargata nr. 2 og 10 – Breytingar á skilmálum við úthlutun til Íbúðafélagsins Bjargs hses.

Á fundi borgarráðs 16. mars 2017 var Íbúðafélaginu Bjargi hses, kt. 490916-0670, úthlutað tveimur lóðum við Hallgerðargötu 2 og 10 í Reykjavík skv. sérstökum skilmálum. Lóðir þessar eru nefndar G og H í úthlutunarbréfi. Lóðum þessum var endurúthlutað til félagsins með óbreyttum skilmálum á fundi borgarráðs 6. júlí 2017.

Bjarg hses hefur nú óskað eftir að fá heimild borgarráðs til að selja lóðunum á frjálsum markaði allt að 20% þeirra íbúða sem byggðar verða.

Af þessu tilefni eru samþykktir eftirfarandi viðbótarskilmálar fyrir úthlutun lóðanna Hallgerðargata nr. 2 og 10, sem samþykktir voru á fundi borgarráðs 16. mars 2017.

Á lóðinni nr. 2 við Hallgerðargötu (lóð G) er Bjargi hses nú heimilt að byggja fjölbýlishús með 28 íbúðum. Lóðarhafa er heimilt að selja 20% íbúða á lóðinni á frjálsum markaði.

Á lóðinni nr. 10 við Hallgerðargötu (lóð H) er Bjargi hses nú heimilt að byggja fjölbýlishús með 35 íbúðum. Lóðarhafa er heimilt að selja 20% íbúða á lóðinni á frjálsum markaði.

Aðrar íbúðir á lóðunum verða leiguíbúðir og fjármagnaðar með stofnframlögum skv. lögum nr. 52/2016.

Lóðarhafi skal auk gatnagerðargjalds greiða fyrir byggingarétt á lóðunum.

Fyrir byggingarétt íbúðanna sem byggðar verða á grundvelli laga nr. 52/2016 skal greitt í samræmi við ákvæði í upphaflegs úthlutunarbréfi. Greiðsla byggingaréttar fyrir þessar íbúðir gengur til uppgjors á 12% stofnframlagi Reykjavíkurborgar til byggingar íbúða á grundvelli laga nr. 52/2016.

Fyrir þær íbúðir, sem heimilt er að selja á frjálsum markaði skal greitt hærri byggingaréttargreiðsla. Byggingaréttargreiðsla fyrir þessar íbúðir ákveðst 50.253 kr. fyrir hvern birtan fermetra íbúða þessara og geymslna sem þeim muni fylgja.

Samþykkt á fundi borgarráðs